

1875

42
8da
júní.*Brjef landshöfðingja (til bæjarfógetans í Reykjavík).*

Ráðgjafinn fyrir Ísland hefur 27. f. m. ritað mjer á þessa leið:

«Í þóknanlegu brjefi frá 6. þ. m. hafid þjer herra landshöfðingi sökum fyrirspurnar hins frakkneska varakonsuls í Reykjavík skotið því undir úrskurð ráðgjafans, hvort greiða skuli gjald, samkvæmt tilskipun frá 26. febrúar 1872, af vínföngum þeim, er koma með fiskiskipum til hinna frakknesku herskipa, og fyrst um sinn eru geymd í vöruhúsi hinnar frakknesku stjórnar í Reykjavík, svo að þau síðan verði smámsaman afhent skipunum, og skýrið þjer frá, að álik spurning geti komið fram með tilliti til hins danska herskips.

Fyrir því skal yður til þóknanlegrar leiðbeiningar og birtingar þjónustusamlega tjáð, að ef hlutaðeigandi herskipsstjóri og þeir, er taka við vörum þeim, sem til bráðabirgða eru fluttar í land, brjeflega lýsa yfir því, að vörurnar sjeu ætlaðar handa hlutaðeigandi skipum einum og þess vegna aptur munu verða fluttar út, skal ekki heimta gjald eptir tilskipun frá 26. febrúar 1872 af slíkum vörum; og má hjer vísa til fyrirmælanna í 2. grein tilskipunarinnar, sem ákveður, að eigi skuli greiða gjald af víni m. m., sem haft er meðferðis handa skipverjum sjálfum».

Þetta kynnist yður, herra bæjarfógeti til leiðbeiningar og eptirbreytni og birtingar fyrir hinum frakkneska varakonsúli.

43
9da
júní.*Brjef landshöfðingja (til sýslumannsins í Skagafjarðarsýslu).*

Ráðgjafinn fyrir Ísland hefur 26. f. m. ritað mjer á þessa leið:

«Með þóknanlegu brjefi frá 20. maí síðastl. hefur herra landshöfðinginn sent erindi, þar sem sýslumaðurinn í Skagafjarðarsýslu sökum peningaeklu þeirrar, sem þar er, fer því á flot, að ráðgjafinn hlutist til um, að þessum vandræðum verði afstýrt, með því að útvegað verði verzlunarfjelaginu, «Grafarós-fjelagi», 10,000 króna lán í nýjum peningum þannig, að þessi upphæð greiðist fulltrúa fjelagsins Jóni A. Blöndal, meðan hann dvelji í Kaupmannahöfn og gegn því, að hann fyrir hönd fjelagsins skuldbindi sig til að endurborga lánið innan ársloka; en 11 af mönnum þeim, sem eru í nefndu fjelagi, hafa með brjefi tjáð sig fúsa til að ábyrgjast skuldina.

Herra landshöfðinginn hefur álitid, að ástæða væri fyrir stjórnina til að reyna að ráða bót á peningaeklu þeirri, er getið var, en þjer hafid ekki getað lagt það til, að þetta verði á þann hátt, sem beðið hefur verið um, og hafid þjer einkum getið þess, að það geti ekki verið rjett að styrkja verzlanir, hverjar sem þær eru með lánnum úr landssjóði, og að það, hvað sem öðru líður, með engu móti sje nauðsynlegt að senda upphæð þá, sem getið var um, út hjeðan, þar sem nóg sje til af reiðum peningum í jarðabókarsjóðnum. Þjer hafid þesa vegna lagt það til, að yður verði veittur myndugleiki til að láta á þessu vori annaðhvort sýsluneföðina í Skagafjarðarsýslu, eða nokkra íbúa þessarar sýslu, er af eigin hvötum ganga í nefnd til þess, fá hina nefndu upphæð sem lán af reiðum peningum hjálparsjóðsins gegn 4% árlegum vöxtum og löglegu veði í fasteign, og gegn því, að allt lánið endurborgist skadlaust innan 1 árs, eptir að það var goldið hluttaköndum úr landssjóði. Fyrir því skal til leiðbeiningar og birtingar þjónustusamlega tjáð, að eins og ráðgjafinn er yður samþykkur í því, að ekki sje nægileg ástæða til að veita nefndu verzlunarfjelagi lán það, er sótt hefur verið um, þannig verður einkum nú, þegar hið fjárveitandi alþing er að koma saman, að álíta það óráðlegt að verja peningum hjálparsjóðsins, eins og þjer hafid lagt til, og það þess heldur, sem eigi verður sjeð, þrátt fyrir það, hvað upphæðin er mikil, að með slíkri ráðstöfun verði til lengdar afstýrt vandkvæðum þeim, sem hafa verið tekin fram. Að öðru leyti býst ráðgjafinn við síðan að fá skýrslu um ástand sýslunnar».

Jafnframt því að tjá yður, herra sýslumaður, þetta til þóknanlegrar leiðbeiningar og birtingar, skal jeg mælast til þess, að þjer með fyrsta pósti skýrið mjer frá, hvernig peningaástandið er nú í sýslunni, og framvegis getið peningaástandsins í missirisskýrslum yðar um ástand almennings.

Brjef landshöfðingja (til amtmannsins yfir norður- og austurumdæminu).

Ráðgjafinn fyrir Ísland hefur 5. f. m. ritað mjer á þessa leið:

«Sökum bónarbrjefs þess, er sent var með þóknanlegu brjefi herra landshöfðingjans frá 19. mars síðastl., og þar sem forstöðunefnd verzlunarfélags, sem stofnað er í Húnavatnssýslu, beiðist leyfis til að mæga á næsta sumri senda skip til verzlunar á Blönduós, skal til þóknanlegrar leiðbeiningar og birtingar þjónustusamlega tjáð, að greint verzlunarfjelag, ef það hefur fasta verzlun á Íslandi, hefur rjett til að reka verzlun þá, sem getur um í opnu brjefi frá 19. maí 1854, en að það, ef öðruvisi er ástlatt, ekki verði leyft því að sigla til verzlunar á aðrar hafnir en hina löggiltu verzlunarstaði, með því að slíkt mundi ekki geta samrýmzt við hina íslenzku verzlunarlöggjöf».

Þetta eruð þjer herra amtmaður beðnir að tjá hlutaðeigöndum.

Skýrsla frá amtmanninum yfir suður- og vestur-umdæminu til landshöfðingja um ráðstafanir gegn fjárkláðanum.

Eptir að hafa meðtekið háttvirt brjef herra landshöfðingjans, dags. 7. f. m., gjörði jeg í brjefum til sýslumanna í Gullbringu- og Kjósarsýslu, Borgarfjarðarsýslu og Árnes-sýslu, dags. s. d., þessar fyrirskipanir í tilefni af fjárkláðanum: a ð í öllum þeim sveitum þar sem fjed eptir hinum síðustu skoðunum, sem þá höfðu fram farið, yrði álitid grunað, skyldi framvegis fjórtánda hvern dag framkvæma skoðun á öllum fjárhópum þeim, sem grunaðir væru; a ð eigendur slíkra kinda ekki mættu láta þær koma saman við annað fje eður hleypa þeim á afrjett, fyrri en að svo langur tími væri liðinn frá því, að þær hefðu verið baðaðar og kláðavottur síðast fundizt í þeim, að álita mætti þær allæknaðar; a ð í þeim sveitum, þar sem spurning gæti orðid um, að fje hefði strokið á afrjett, skyldi smala afrjettinn, áður en skoðað og baðað væri; a ð skoðanirnar skyldi vanda sem bezt mætti verða, og sjerstaklaga skyldi hafa gætur á því, í hvert sinn og skoðanir færur fram, að allt það fje, er taldist við hina síðustu skoðun, væri við, og telja skyldi kindurnar við hverja skoðun. Einnig lagði jeg svo fyrir, að dýralæknir Snorri Jónsson skyldi vera við skoðanirnar í Gullbringusýslu, og þar eð ástandið þar var ískyggilegast og framkvæmdirnar erfidastar, sökum margra kringumstæða, mátti það álitast æskilegt, að sýslumaður eður annar maður með embættisvaldi sýslumanns einnig væri við skoðanir þessar, til þess að sjá um framkvæmd þeirra, og gjöra með dýralækninum ráðstafanir þær, er nauðsynlegar þættu; en með því sýslumaðurinn í Gullbringu- og Kjósarsýslu, sökum annara embættisverka, ekki tjáðist hafa tíma til þessa, þá skipaði jeg til þessa starfa landshöfðingjaritara Jón Jónsson, sem ásamt dýralækninum framkvæmdi skoðanirnar í Grindavíkurhreppi, Hafnahreppi, Rosmhvalaneshreppi og Vatnsleysustrandahreppi frá 19. til 25. f. m.

Eptir skýrslu þeirri, er dýralæknirinn og hinn setti lögreglustjóri síðan hafa samið og sent amtinu, og sem dagsett er 31. f. m., fannst enginn kláði í Hafnahreppi, en þar á móti í hinum þrem tilgreindu hreppum í 244 kindum alls af 3247, sem skoðaðar voru. Ítarlegar fyrirskipanir hafa verið gjörðar um tvær baðanir og heimagæzlu á hinu sjúka og grunaða fje, hreppunum skipt í baðsveitir og baðstjórar skipaðir. Síðan hef jeg fundið ástæðu til að ítreka þá skipun í brjefi til sýslumannsins í Gullbringu- og Kjósarsýslu, dags.

1875

43

9da
júni.

44

9da
júni.

45

14da
júni